

# STJÓRNARFUNDUR ORKUBÚ VAÐNES EHF.

- FUNDARGERÐ -

Fundargerð stjórnarfundar Orkubús Vaðness ehf. (**félagið**), kt. 450608-1220, haldinn á skrifstofu félagsins á Borg þann 27. mars 2026 klukkan 09:00.

## 1. MÆTING

Eftirtaldir voru viðstaddir fundinn:

Smári Bergmann Kolbeinsson, stjórnarformaður

Björn Kristinn Pálmarsson, stjórnarmaður

Ragnheiður Eggertsdóttir, stjórnarmaður

Fjóla Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna hjá Grímsnes- og Grafningshreppi

Stjórnarformaður, Smári B. Kolbeinsson stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Staðfest var að fundurinn væri ályktunarbær. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og var hann því lýstur lögmætur og gengið til dagskrár.

## 2. DAGSKRÁ

Eftirtalin mál voru á dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur Orkubús Vaðness ehf. fyrir árið 2025
2. Fyrirkomulag rekstrar

## 3. FRAMLÖGÐ SKJÖL

Eftirfarandi skjöl lágu fyrir á fundinum:

1. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025

## 4. FUNDARSTÖRF

### 4.1. Ársreikningur Orkubús Vaðness ehf. fyrir árið 2025

Fjóla Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, kynnti ársreikninginn og gerði grein fyrir einstökum liðum hans. Hagnaður af rekstri félagsins nam 11,9 m.kr. í samanburði við 27,5 m.kr. hagnað árið 2024. Eiginfjárstaðan er sterk en eiginfjárlutfall félagsins nemur um 70,5%.

Stjórn samþykkir einróma ársreikninginn.

#### 4.2. Fyrirkomulag rekstrar

Lagt er til að frá og með 1. janúar 2026 taki Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps við öllum rekstri Orkubús Vaðness.

Felur breytingin í sér að Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps kaupir heitt vatn og annast áframsölu til notenda. Jafnframt mun Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps bera allan rekstrarkostnað starfseminnar, þar með talið rekstur, viðhald og þjónustu.

Áætlað er að fyrir lok árs 2026 verði allir reikningar til notenda vegna afhendingar heits vatns gefnir út af Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Markmið breytingarinnar er að einfalda rekstur, skýra ábyrgð og auka hagkvæmni í rekstri hitaveitunnar.

Fundi var slitið kl. 09:40

Þannig staðfest af stjórn:

#### Grímsnes- og Grafningshreppi, 27. mars 2026

---

Smári Bergmann Kolbeinsson,  
stjórnarformaður

---

Björn Kristinn Pálmarsson,  
meðstjórnandi

---

Ragnheiður Eggertsdóttir,  
meðstjórnandi